

Greinargerð og tillögur frá teymi 4
um hlutverk stjórnvalda við veitingu þjónustu í almannapágu
á húsnæðislánamarkaði

Bókun frá fulltrúa Samfylkingar:

Drög að greinargerðinni bárust fulltrúum í Teymi 4 seint að kvöldi, daginn fyrir lokafund nefndarinnar 22. janúar s.l.. Teyminu var gert að skila til Samvinnunefndar f.h. fimmtudag 23.1. 2014, og Samvinnunefndin gert að halda lokafund n.k. föstudag. Þá tekur verkefnisstjórn við.

Ekki hafði gefist tími til að skoða eða ræða þau gögn sem lögð höfðu verið fram, s.s. drög að greinargerð Analytica, né skoða frekar áhrif og afleiðingar ákveðinna hugmynda sem fram hafa verið lagðar, en greinargerðir komu seint fram.

Því verður að líta á greinargerð Teymis 4 sem hugmyndir og ábendingar og í besta falli tillögur sem vert er að skoða betur.

Ekki voru sett fram skýr sameiginleg markmið um „veitingu þjónustu í almannapágu á húsnæðislánamarkaði“, en það er mikilvægur grundvöllur þess að samstaða og breið sátt náist um framtíðarskipan húsnæðismála.

Markmið slíkrar vinnu hlýtur að eiga vera m.a. að tryggja húsnæðisöryggi heimila á Íslandi; þar sem m.a. verði tryggt að landsmenn eigi kost á fjölbreyttum og öruggum valkostum í húsnæðismálum á hagstæðum/viðráðanlegum kjörum. Efla þarf varanlega leigu- og búseturéttarkosti og tryggja jöfnuð á milli búsetuforma. Leitast verður við að tryggja jöfnuð milli landssvæða og hugað sérstaklega að því að fólk eigi kost á öruggu húsnæði óháð efnahag og þannig sérstaklega hugað að lágtekjuhópum.

Afstaða mín og Samfylkingarinnar til einstakra leiða ræðst af nánari útfærslum mismunandi leiða þegar vinnunni vindur fram og því hversu vel þær samræmast ofanskráðum grundvallarmarkmiðum.

Frekari bókun Samfylkingarinnar koma fram á fundi Samvinnunefndarinnar.

Guðbjartur Hannesson.